

Sb.

570. Þingsályktun

[115. mál]

um rannsókn Kötlusvæðis.

(Afgreidd frá Sp. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga við Jöklarannsóknafélag Íslands um, að það taki að sér að rannsaka Kötlusvæðið, fylgjast með breytingum á Mýrdalsjökli og Mýrdalssandi, er staðið gætu í sambandi við Kötlugos, og framkvæma aðrar þær rannsóknir, sem nauðsynlegar þykja til þess, ef unnt er, að geta sagt eitthvað fyrir um, hvenær ætla megi að Katla gjósi og hvaða svæði séu þá helzt í hættu af jökulhlaupi, ef takast mætti að gera í tíma ráðstafanir til varnar gegn slysum af völdum hlaupsins. Er ríkisstjórninni heimilt, ef samningar takast, að greiða kostnað við rannsóknir þessar.